

SAMNINGUR

UM AFNOT ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA AF LÍKAMSRÆKTARSTÖÐINNI VESTURBRAUT 8

Samningur þessi gildir milli Dalabyggðar (kt. 510694-2019) og Ungmennafélagsins Ólafur pá (kt. 470380-0479) og er svohljóðandi:

1. gr.

Samningi þessum er ætlað að virkja og efla elli- og örorkulífeyrisþega í Dalabyggð til heilsueflingar. Regluleg hreyfing er nauðsynleg fyrir andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Rannsóknir sýna að reglubundin líkamsrækt við hæfi styður við aukna virkni og árangur í endurhæfingu. Þá er líkamsþjálfun fyrir eldra fólk gríðarlega mikilvæg og hefur aukist sl. ár, er samningur þessi liður í því að efla hana enn frekar hjá eldri íbúum Dalabyggðar.

2. gr.

Í nafni Dalabyggðar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í sveitarfélaginu gjaldfrjálsan aðgang að líkamsræktarstöð Ungmennafélagsins Ólafs pá sem er til húsa að Vesturbraut 8.

3. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar hafa sjálfir samband við forsvarsmenn ungmennafélagsins varðandi að fá afhentan lykil að líkamsræktinni gegn framvísun viðeigandi skírteinis/staðfestingar. Það er á ábyrgð ungmennafélagsins að afhenda lykla, skrá niður notendur og skila skráningu til Dalabyggðar fyrir 1. október ár hvert.

4. gr.

Notandi sem fær aðgang að líkamsræktarstöðinni skv. samningi þessum er einum heimilt að nýta aðstöðuna og óheimilt að nýta lykilinn til að veita öðrum aðgang að aðstöðunni. Verði notandi uppvís að því að brjóta gegn þessum skilyrðum verður viðkomandi sviptur aðgangi. Það er á ábyrgð ungmennafélagsins að kynna notendum þessi skilyrði.

5. gr.

Dalabyggð greiðir Ungmennafélaginu Ólafi pá fastan styrk að upphæð kr. 250.000 þegar félagið hefur skilað inn yfirliti yfir notendur í samræmi við 3. gr. og skal greiðsla fara fram eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fjárhæðin getur breyst skv. fjárhagsáætlun hvers árs.

6. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift hans og gildir til þriggja ára. Samningsaðilar geta lagt fram beiðni um endurskoðun samningsins með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Beiðni um endurskoðun á upphæð árlegs styrks þarf að koma fram fyrir 1. október vegna fjárhagsáætlunar komandi árs.

Staður og dags.

F.h. Dalabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

F.h. Umf. Ólafs pá

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Nafn og kt.

Nafn og kt.